



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

4. árg. 1. tölublað. Janúar 2010.

EFNI:

Ávísanir á lyf við athyglisbresti og ofvirkni á Íslandi 2006–2009 **bls. 1**

Uppfærslur flokkunarkerfa 2010 **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is



Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

ÁVÍSANIR Á LYF VIÐ ATHYGLISBRESTI OG OFVIRKNI Á ÍSLANDI 2006–2009

Lyf við athyglisbresti og ofvirkni (ADHD) hafa mikið verið til umræðu undanfarið í tengslum við aukna notkun þeirra. Þetta á sérstaklega við lyf sem innihalda efnið metýlfenídat, en alls eru fjögur sérlyf hér á landi með þessu virka innihaldsefni (*Concerta*, *Equasym*, *Ritalin* og *Ritalin Uno*).


Lengi var *Ritalín*, sem er skammvirktt metýlfenídat, eina lyfið á markaðinum, en fyrir nokkrum árum komu forðalyf á markaðinn undir nöfnunum *Concerta* og *Ritalin Uno*, en þau hafa þann kost að ekki þarf að taka þau inn nema einu sinni á dag. Þannig þurfa börn ekki að taka lyfin inn á skólatíma, sem er mikill kostur, og jók þetta á notagildi þeirra. Auk þess var talin minni hætta á að fíklar sæktust í forðalyfin.

Notkun allra þessara lyfja utan *Ritalíns* hefur aukist frá 2006 eins og sjá má á sjá mynd 1. Notkun *Concerta* er mest og hefur fjöldi dagskammta (DDD/1000) aukist um 47,5%. Færri einstaklingar nota nú *Ritalín*, en dagskömmtum hefur heldur fjölgað, sem væntanlega skýrist af hærri meðalaldri notenda, sjá mynd 3.




Algengast er að ADHD greinist hjá ungum drengjum. Notkun metýlfenídat er því mest í þeim hópi, en hlutfallslega er aukningin ekki minni meðal stúlkna á sama aldri. Verulega dregur úr einkennum ADHD þegar börn fullorðnast, en talið er að hjá nálega helmingi þeirra haldi einkennin árfam á fullorðinsárum.

Áður fyrr voru fullorðnir sjaldan greindir með ADHD. Mikil breyting hefur orðið á því hin seinni ár og hefur kynjahlutfallið



Algengast er að athyglisbrestur og ofvirkni (ADHD) greinist hjá ungum drengjum.



jafnast hjá fullorðnum, en meðal barna er ADHD mun algengara hjá strákum en stelpum, sjá myndir 3 og 4.

Ólafur B. Einarsson
Matthías Halldórsson

UPPFÆRSLUR FLOKKUNARKERFA 2010

Landlæknisembættið gefur út rafrænar skrár flokkunarkerfa til að birta í sjúkraskrárhugbúnaði. Þau flokkunarkerfi sem eru notuð til að kóða sjúkdóma (ICD-10) og skurðaðgerðir (NCSP og NCSP-IS) eru uppfærð árlega og eru nýjar skrár þeirra væntanlegar á vef embættisins innan fárra daga. Kerfin eru ennfremur birt í vefútgáfu embættisins á vefnum www.skafi.is.

ICD-10

Uppfærslur ICD-10 fela yfirleitt í sér litlar breytingar frá ári til árs, en í ár taka allnokkrir nýir kóðar gildi. Það eru mismiklar viðbætur eða breytingar en mest áberandi eru breytingar á kóðum í kaflanum fyrir illkynja æxli í eitel-, blóðmyndandi og skyldum vef. Vegna þess hve sérhæfðar þýðingar er um að ræða verður þeim ekki að fullu lokið fyrir útgáfu kerfisins nú, en bráðabirgðabýðingar verða kynntar í sumum tilvikum. Þetta verður nánar útlistað í gögnum með útgáfu og kynnt viðkomandi sérfræðihópum eins og þurfa þykir.

NCSP

Tvö flokkunarkerfi fyrir skurðaðgerðir og aðrar úrlausnir eru í notkun hér á landi, NCSP og NCSP-IS. Útgáfa NCSP fylgir þróun NOMESCO-kerfisins með árlegum uppfærslum og eru þar áberandi breytingar á skráningu augnaðgerða, aðgerða við æxlum í kviðarholi og á stórum bláæðum í kviðarholi. Fylgt verður sömu takmörkunum og undanfarin ár varðandi uppfærslur NCSP-IS-kerfisins. Í því felst að nýir NCSP-kóðar bætast við en öðrum breytingum úr ensku útgáfunni af NCSP+ vörpunarkerfinu er sleppt.

Strax frá og með árinu 2007 var hætt að fylgja öllum breytingum á NCSP+ vegna þess hve miklar breytingar voru gerðar á því kerfi árlega og þróun kerfisins reyndist ekki henta vel til skráningar. Notkun NCSP-IS er því í endurskoðun hér á landi um þessar mundir og verður vonandi fljótlega hægt að leysa þarfir fyrir skráningu úrlausna betur en nú er. Stofnanir sem ekki hafa þegar tekið upp NCSP-IS til skráningar ættu því ekki að taka það upp að svo stöddu.

Lilja Sigrún Jónsdóttir

Vakin er athygli á því að hægt er að [skrá sig á póstlista](#) á vefsetri Landlæknisembættisins til að fá tilkynningar um rafræn fréttabréf og uppfærslur flokkunarkerfa.